

Umhverfisstofnun
Áb. _____
17 MAI 2010 10.4.0
Tilv. _____

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Skorradalshrepps
Hvanneyrargötu 3
Hvanneyri
311 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. maí 2010
Tilvísun: UST20100300158/ksj

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dagverðarness í Skorradal. Tillaga að deiliskipulagi á frístundabyggð S8, í landi Dagverðarness í Skorradal.

Við er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skorradalshrepps er barst 23. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um eftirfarandi: Tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997 – 2017, tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dagverðarness í Skorradal og tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar, svæði 8, Dagverðarnesi Skorradal.

Tillaga að breyttu svæðisskipulagi felur í sér að svæði í landi Dagverðarness í Skorradal sem áður var ætlað fyrir verslun og skógrækt er breytt í svæði fyrir frístundabyggð og skógrækt.


Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Dagverðarness felur í sér að gert er ráð fyrir nýju frístundasvæði S8, þar sem áður var gert ráð fyrir skógrækt, þjónustusvæði og opnu svæði. Hlutfall opinna svæða verður að lágmarki 25%. Skógræktarsvæði ofan þjóðveggar stækkað. Stærð svæðis S8 er 16 ha, og gert er ráð fyrir 18 nýjum frístundahúsalóðum.


Tillaga að deiliskipulagi felur í sér að milli Skorradalsveggar og núverandi frístundabyggðar kemur svæði S8 í landi Dagverðarness þar sem áætlaðar 18 nýjar frístundalóðir .

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreindar tillögur. Svæðið sem áætlað er að staðsetja 18 lóðir hefur verið undir skógrækt og fær hluti þess svæðis að halda sér. Vegagerð vegna frístundalóðanna er að miklu leyti til staðar í dag.

Efsti hluti svæðisins er að miklu leyti vaxinn sinu. Á skógræktarsvæðinu sem liggur nær vatninu eru fallegar klappir og lyngsvæði sem stofnunin telur mikilvægt að raska sem minnst við uppbyggingu fristundasvæðisins. Einnig er mikilvægt að vernda uppbrunalegar birkiplöntur þar sem þær finnast.

Viðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

